

Fréttabréf júní/júlí 2017

Ágætu félagsmenn- það er auðvitað löngu orðið tímabært að senda út fréttabréf og segja frá því helsta sem er að gerast í Snarfara. Hvammsvíkur- og Viðeyjarbryggja eru komnar út og menn farnir að nota bólið okkar í Flatey. Allir út að sigla!

- Björgunarsveitin Ársæll erum að missa aðstöðu sem þeir hafa haft til áratuga í gamla Slysavarnahúsinu að Grandagarði 14, og vilja kanna hvort aðstaða sé í boði í Snarfarahöfn fyrir minni bátinn Þórð (10 metrar). Stjórn Snarfara mun taka málið fyrir. Það er skoðun formanns að viðvera þeirra myndi styrkja stöðu Snarfara og blása enn frekara lífi í starfsemina. En þetta þarf að ræða og draga allar hliðar málsins fram.



- Jónas og Henni hafa heldur betur látið hendur standa fram úr ermum og eru búnir að mála félagsheimilið sem var orðið ansi skellótt og sköllótt hist og hér. Er þeim sérstaklega þakkað sitt frumkvæði og framlag.
- Hópur vaskra manna fór í Viðey í gær og komu út Viðeyjarbryggja. Aðgerðin gekk vel enda höfðum við traktor í landi til að ýta bryggjunni út út. Tók aðgerðin frá því að traktorinn kom þar til bryggjan var trygð við ból og land undir einni klst.




- Loks er orðin einhver vitræn niðurstaða í eldsneytismál en Skeljungsmenn ætla að tengja bensín og olíu við gömlu olíubryggjuna sem Snarfari lét gera við. Landgangur og bryggjan er nú orðin eign Snarfara sem er hið besta mál en auðvitað þá fylgir þessu aukinn rekstrarkostnaður fyrir félagið. Eldsneytisgeymar eru enn sem áður með undanþágu og er meðan er.



- Hafrannsóknastofnun stendur að rannsóknnum á fari laxaseiða um Elliðaárósa núna í júní. Verkefnið er unnið fyrir Reykjavíkurborg vegna fyrirhugaðra landfyllinga á ósasvæðinu. Komið verður fyrir 12 hlustunarduflum á sundinu innan við Vogabakka

og yfir í átt að Gufuneshöfða. Duflin verða úti fram í júlí. Þess var gætt að hafa duflin ekki á skráðum siglingaleiðum og hafa Faxaflóahafnir gefið grænt ljós á staðsetninguna. Duflin eru auðkennd með rauðum belgjum í yfirborðinu en hlustunarduflin sjálf liggja við stjóra nálægt botni. Belgirnir verða merktir og flækjast vonandi ekki mikið fyrir ykkur.



- Árlegar kaffiveitingar í félagsheimili Snarfara voru á sjómannadaginn og tókut vel. Sigríður í stjórn Snarfara og Jóhannes í varastjórn stóðu vaktina við vöflugerð o.fl. og stóðu hana bara helvíti vel.
- Fræðslufundurinn um siglingar á Breiðarfirði tókst vel en rúmlega 20 manns mættu á fundinn. Tómas á Sæperlunni sagði frá en fræðslunefnd Snarfara stóð fyrir fundinum.
- Hringferð. Nú fer að líða að því að Jens Pétur Jensen og áhöfn komi í land í Snarfara eftir hringferð á skútunni Xenan. Er þetta annað árið í röð sem Jens fer þess leið. Við biðjum um fræðslufund/kynningu á ferðinni í vetur í félagsheimili Snarfara!




- Verkefni Sigvalda við að setja stoðir á bryggjur, nú B og C heldur áfram en allt efni hefur borist Snarfara. Verkefnið klárast vonandi í ár. Sigvaldi hefur haft í nógu að snúast en hér er hann að gera sér góðan dag í annarri höfn eða kannski var hann að

skoða þennan til kaups því í augnablikinu er Sigvaldi bátalaus eftir að hafa selt bátinn sinn.



- Eins og áður hefur komið fram í einhverju fréttabréfi eða frétt er von á aðgangshliðinu í ágúst. Varðandi veginn og nauðsynlegar viðgerðir þar þá ætlar borgin ekki að gera neitt sýnist okkur í ár og spurning ef tími vinnst til að gera það sjálfir að loka amk dýpstu holunum.
- **Að lokum.** Þau heiðurshjón Svava Garðarsdóttir og Guðjón Snær Steindórsson á Gæsinni hafa átt góða daga í Breiðafirði í sumar og vonandi fyrirgefa þau mér að ég hafi stolið þessum þremur myndum af fésbókarsíðu þeirra og birt hér. Þarna eru þau stödd í Drápskerjum og líklega ekki margir sem hafa haft tækifæri til þess að lauga sig í þeirri náttúrulega.



Sumarkveðja,
Pétur Ó. Einarsson, formaður Snarfara

Féskarsíða Snarfarafélaga

<https://www.facebook.com/groups/257171061309407/>

Endilega skráið ykkur-nú eru skráðir meðlimir 73